



Aðlögunarsamningur í sauðfjárrækt

Umsóknareyðublaðið

Bls.1

- Undir lið 2 (upplýsingar um fjárfjölda og sauðfjártengdar greiðslur) „væntur árlegur stuðningur skv. aðlögunarsamningi“
 - Upplýsingar um núverandi greiðslur má finna á bændatorginu hjá hverjum og einum (www.bondi.is) og velja þar á valstiku uppi „bændatorgið“. Fara inn á notendanafni og lykilorði og velja síðan af valstiku vinstra megin „rafræn skjöl“ og þar undir „bréf.“ Eitt þessara bréfa er „Ársáætlun um heildargreiðslur 2019.“
 - Huga þarf að því að taka út stuðning vegna ullargreiðsla og býlisstuðnings sem nemur hlutfallslegri fækkun (eða alveg ef hætt alveg) þar sem þessar greiðslur falla ekki undir aðlögunarsamning.
 - Ef farið er í hlutfallslega fækkun þarf að áætla greiðslur um aðlögunarsamning í hlutfalli við það (beingreiðslur, gæðastýringagreiðslur, svæðisbundinn stuðningur).

Bls. 2

- Undir lið 4 („framkvæmdatími – vörður“)
 - Mikilvægt er að setja upp vörður nýrrar starfsemi svo auðvelt verði að meta stöðu hennar hverju sinni. Skila þarf skýrslu um stöðu verkefnis í lok hvers árs til Mast, Búnaðarstofu. Í mati Mast, Búnaðarstofu á framvindu nýrrar starfsemi verður sérstaklega litið til þessara varða.
- Undir lið 5 („framkvæmdakostnaðaráætlun“)
 - Hafa allan kostnað án virðisaukaskatts
 - Heimilt er að tilgreina eigin vinnu í stofnkostnaði, þó að hámarki 30% af heildarstofnkostnaði.
- Undir lið 6 („fjármögnunaráætlun“)
 - Hafa allan kostnað án virðisaukaskatts
 - Hámarkshlutfall eigin vinnu fari ekki umfram 30% heildarfjármögnunar.

Bls. 3

- Undir lið 8 („rekstraráætlun **nýrrar** atvinnustarfsemi á samningstíma“)
 - Hér er eingöngu verið að draga fram þá viðbót sem **ný** starfsemi gefur af sér og krefst til starfseminnar (tekjur og gjöld).

- Greiðslur vegna aðlögunarsamnings eru þær greiðslur sem hver og einn fær út úr sínum aðlögunarsamningi, háð fyrra umfangi og áætlaðri fækkun. Upphæðin þarf að vera í samræmi við lið 2 bls.1.
- Laun og launatengd gjöld miðast við umfang nýrrar starfsemi, þ.e. hlutfall ársverks/fjöldi ársverka.
- Ef tekið er lán og ætlað til nýrrar starfsemi þarf að tilgreina vexti og afborganir þess láns sérstaklega í rekstraráætlun.
- Með minni umsvifum sauðfjárræktar á búinu og auknum umsvifum annarrar starfsemi má ætla nýrri starfsemi að standa undir hluta/alveg af vöxtum og afborgunum eldri lána á búinu og tilgreina það sérstaklega í rekstraráætlun.